

Ársskýrsla  
Skógrækt Ríkisins  
Suðurlandi.

Skógarvörðurinn á Suðurlandi.  
Böðvar Guðmundsson.

Ársskýrsla 1998

## Efnisyfirlit:

### Kaflir:

1. Veðurfar ársins.....	bls 3
2. Vöxtur og þrif gróðurs.....	4
3. Starfsfólk.....	4
4. Girðingar.....	5
5. Skógarhögg.....	5
Viður, Grisjun, Jólatré.	
6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.....	9
7. Gróðursetning.....	10
Gróðursetning Þjórsárdalur ásamt kortum.	
Gróðursetning Haukadalur ásamt kortum.	
Gróðursetning Mosfell ásamt kortum.	
Gróðursetning Skarfaness .	
8. Hirðing.....	11
Hirðing Þjórsárdalur	
Hirðing Haukadalur	
Hirðing Mosfell.	
Hirðing Skarfaness.	
9. Byggingar, vélar og verkfæri.....	12
10. Fjárhagsyfirlit Suðurlandsdeildar 1998.....	13
11. Ýmislegt .....	14

## 1. Veðurfar ársins 1998.

**Janúar.** Almennt lognsamur en þó með umhleypingum .

**Febrúar:** Þægilegur framan af en 19. Feb og fram undir mánaðarmót norðanþræsingur með talsverðu frosti, oft 10-15 gráður.

**Mars:** kaldur fram í miðjan mánuð en gerði þá blota og á köflum veður yfir frostmarki.

**Apríl:** Hagstæður að mestu og sérstaklega seinni hluti mánaðarins. 17.apríl 10,3 gráðu hiti. Snjólaust eins og veturinn allur.

**Maí:** Yfir frostmarki fram að 5.maí en þá gerði næturfrost og svo var næstu 4 nætur. Vel yfir frostmarki yfir daginn. Eftir 10.maí hagstætt veður og frostlaust fram til mán.móta.

**Júní:** Afar hagstætt vinnuveður. Lítið um rigningar og hiti ágætur.

**Júlí:** Þurr og hlýr. Menn fynna helst að veðri að lítið rigni.

**Ágúst:** Þurr og hlýr. Lækir orðnir frekar vatnslitlir. Hagstætt vinnuveður.

**September:** Veður góð. Lítið um rigningar. Engin frost.

**Oktober:** Heldur rætist úr um úrkomu. Fyrstu frost fyrri hluta okt. Jörð klakalaus fram að 26 okt. Unnið við jarðvinnslur hjá skógarbændum fram undir mánaðarmót. Þá fraus jörð.

**Nóvember:** Frekar þurr með vægum frostum. Hagstætt vinnuveður. Jólatré höggin á auðri jörð að mestu.

**Desember:** Snjólítið. Hitastig kringum frostmark. Norðanþræsingur um miðjan mánuð. Stóð í 4 daga. Annars heldur lognsamt.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

**2.1. Laufgun og lauffall.** Ekki skráð sérstaklega. Laufgun þó heldur fyrr en vant er. Lauffall á eðlilegum tíma.

**2.2. Vöxtur trjáa.** Almennt góður í furu og lerki. Sitkagrenisprotar í meðallagi: úrkomuleysi kom í veg fyrir mjög langa sprota eins og hitastig sumarsins gaf þó tilefni til.

**2.3 Skaðar.** Mekaniskir skaðar litlir sem engir. FrostsKemmdir: áberandi á víðiklóninum Hrímu, eftir september frost 1997, en þá fraus ca 10 sept. á allaufgaðan víðirinn. Áberandi frostsKemmdir á sléttlendi á Skeiðum og Grímsnesi. Víðirinn setti þó brum út um stofngreinar víða, þegar líða tók á sumar, en mikið var þó kalið af greinum.

Hingað út í Árnessýslu barst ryðsveppur á Gljávíði. Virtist sveppurinn koma austan af Höfn í Hornafirði, en það var eini staðurinn sem hans hafði orðið vart fram að þessu mér vitanlega. Fyrst fór að bera á þessu upp úr miðju sumri, og aflafaði sveppurinn Gljávíðinn all víða hér á Selfossi. Lyf voru reynd á sveppinn en dugðu ekki. Framtíðin verður að leiða í ljós hvort hér hlýst varanlegur skaði af.

## 3. Starfsfólk 1998.

		Heimili	Staður	Sími	Kennitala	aldur	Launafl.	
1	Böðvar Guðmundsson	Sigtún 9	800 Selfoss	482-1798	200749-3679	48	506-247-8	
2	Björgvin Eggertsson	Baugstjörn 9	800 Selfoss	482-3394	070866-4639	31	155-451-3	
3	Friðrik S. Þórarinnsson	Smáratún 20	800 Selfoss	482-2985	090460-4639	38	155-451-3	
4	Þórunn Óskarsdóttir	Smáratún 20	800 Selfoss	482-2985	200667-	31	161-003-1	
5	Magnea Bjarnadóttir	Sigtún 9	800 Selfoss	482-1798	021148-3394	49	161-003-3	
6	Vilborg Eiríksdóttir	Baugstjörn 9	800 Selfoss	482-3394	130265-5969	33	161-003-3	
7	Ólafur Ólason	Fossheiði 52	800 Selfoss	482-1834	150867-2909	31	161-202-2	
8	Knútur Jóhannesson	Haga	801 Selfoss	486-6066	161232-6029	65	161-203-2	
9	Guðmundur Hauksson	Reyðarkvísl 15	110 Reykjaví	567-3097	040280-5379	18	161-002-2	L.B. 113. k
10	Hlíf Böðvarsdóttir	Sigtún 9	800 Selfoss	482-1798	021183-2379	15	161-496-1	
11	Egill Baldursson	Klængsel	801 Selfoss	486-3367	180382-4459	16	161-496-1	
12	Árni Bragi Hjaltason	Háaleitisbr 123	Reykjaví	553-6701	291281-3039	16	161-496-1	L.B. Háaleit
13	Hallur Karl Hinriksson	Grashagi 1 c	800 Selfoss	482-2279	061081-4619	16	161-496-1	
14	Arinbjörn Þorbjörnsson	Hlíðarvegur 11	220 Kópav.	564-1608	110561-5719	37	161-004-2	
15	Arnþór Jón Þorvarðars	Vorsabæ 3	Reykjavík	587-1633	071281-3889	15	161-496-1	
16	Ymir Sigurðarson	Miðtún 17	800 Selfoss	482-1702	281282-4339	15	161-496	
17	Daniel Gunnarsson	Miðtún 17	800 Self	482-1702	131182-3259	15	161-496	
18	Vigfús Sigurðsson	Úthagi 4	800 Self		240882-3029	15	161-496	
19	Björn Unnar Valsson	Heiðarvegi 9	800 Self		271082-4289	15	161-496	
20	Ingibjörg Magnúsdóttir	Engjavegi 18	800 Slf		280782-5219	15	161-496	

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald girðinga.

Viðhald var með eðlilegum hætti og útlátalítið, enda girðingar í góðu ástandi eftir snjólítinn vetur. Knútur Jóhannesson sá að mestu um viðhaldið.

### 4.2. Nýjar Girðingar: Engar.

## 5. Skógarhögg.

### 5.1. Viður.

Unnið var við grisjun í Þjórsárdal í október og grisjaður reiturinn framan í Skriðufellinu þar sem er blandreitur af Sitkagreni, Blágreni og Rauðgreni.

Unnið var fyrir kr 500.000 sem Byggingavöruverslun Kópavogs (BIKO) lagði til.

Efniviðurinn úr grisjun þessarri verður notaður í tvennum tilgangi:

1. Sögunarviður sem sagaður verður hjá Viðarmiðlun í Reykjavík í janúar 1999. Hugmyndin er að fá þar vatnslæðningarefni á hús, auk efnis í “bekkborð”.
2. Toppar og mjórri viður var efnaður niður girðingarstaura og efni í þrep í göngustíga. Sá viður allur var settur í díselolíubað og komið fyrir í hlöðunni á Skriðufelli. Þessi viður var allur afberktur

Talsvert var flísað af viði í Haukadal á vormánuðum. Voru það toppar og grennri viður sem til féll eftir grisjunina í Haukadal 1997. En eins og menn muna var þá í gangi grisjun sem BIKO styrkti. Sá viður var notaður ásamt viði úr Skorradal í klæðningu innahnúss í tónlistarhús sem vígt var í Kópavogi síðast í desember 98.

### 5.5. Grisjun.

Eins og áður er getið var í gangi grisjun í Þjórsárdal. Grisjað var Sitkagreni, Blágreni og Rauðgrenireitir í sunnanverður Skriðufellsfjalli. Reitir þessi eru nr: 3110, 3111, 3112 og hlutar reitanna 3113 og 3114. Við þetta var unnið í október og nóvember af Knúti Jóhannessyni og Arinbirni Þorbjörnssyni auk þess sem Böðvar hjó í nokkra daga með þeim. Um meðhöndlun viðarins má lesa um í kafla 5.1.

Allvíða eru í Þjórsárdal reitir sem æpa á grisjun og verðum við að fara að sinna þessu hið snarasta.

Í apríl vorum við beðnir um að útvega “jólatrié” af ýmsum stærðum vegna sviðsmyndar auglýsingakvikmyndar sem filmuð var á Mýrdalsjökli. Milli 20 og 30 tré af sitkagreni voru höggin í Þjórsárdal í þessum tilgangi í reit: 3114 í vesturhlíðum Skriðufellsfjalls.

Í verktakavinnu var grisjaður “Bjarnareitur” á Laugarvatni síðhaustis.

Yfirlit yfir BIKO grisjun í Þjórsárdal í okt/nov 1998.

Alls vinnustundir:

Nafn	dagvinna	yfirvinna	Vinnustundir alls:
Knútur Jóhannesson	136	14	150
Arinbjörn Þorbjörnsson	116	12	128
Böðvar Guðmundsson	56	14	70
	<b>308</b>	<b>40</b>	<b>348</b>

**Ath. Kostnaður: sjá rekstraryfirlit suðurlandsdeildar.**

**5.2. Jólatré.**

Jólatré voru að þessu sinni höggin að mestu í Haukadall en einnig nokkurt magn í Þjórsárdal. Svólítið af stafafuru var keypt af Skógræktarfélagi Árnesinga, og þinur var keyptur af Landgræðslusjóði og S.Ólafs Heildverslun á Seltjarnarnesi.

Höggið gekk prýðisvel, að mestu var frostlaust og snjór hamlaði ekki vinnunni. Tíminn sem fór í höggið var því með minnsta móti. Einnig sparaði það mikinn tíma að þeir reitir sem höggið var úr, voru víðast hvar nálægt vegi og vegakerfið er all-víðfemt orðið.

Kort yfir tökustaði jólatrjáa fylgir hér með þessum kafla svo og töflur yfir seld jólatré til söluaðila ásamt söludagatöflu vegna jólatrjásölu SR Selfossi í Gagnheiði 25.

**Högg jólatrjáa í Þjórsárdal:**

	Reitir	Reitir	Reitir	Reitir	
	R 2034	2434D			<b>alls högg</b>
<b>Rauðgreni</b>	<b>163</b>	<b>20</b>			<b>232</b>
	R2070	R2434 F			
<b>Blágreni</b>	<b>121</b>	<b>20</b>			<b>141</b>
	R2220	R2219	R 2232	R 2223	
<b>Stafafura</b>	<b>60</b>	<b>60</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>150</b>
	R2435 F				
<b>Fjallapinur</b>	<b>6</b>				<b>6</b>
					<b>529</b>

**Högg jólatrjáa í Haukadal:**

	Reitir	Reitir	Reitir	Reitir	Reitir	Reitir	Reitir	Reitir	<b>Alls höggið:</b>
	R 2109	R 2110	R 6075 A	R 3072	R 2108 C	R 2009	R 6077 B	R 2119	
<b>Rauðgreni</b>	<b>338</b>	<b>12</b>	<b>487</b>	<b>93</b>	<b>58</b>	<b>25</b>	<b>307</b>	<b>21</b>	<b>1341</b>
	R 6045	R 2033	R 6022						
<b>Stafafura</b>	<b>194</b>	<b>6</b>	<b>148</b>						<b>348</b>
									<b>1689</b>

Alls voru því höggin: í Þjórsárdal 529 tré og í Haukadal 1689 = 2218 stk.

## Sala jólatrjáa í Gagnheiði 25, eftir stærðum, tegundum og söluögum 1.

Des	11	12	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	uppf.	
Ársskýrsla skógarvarðarins á Suðurlandi 1998.															
<b>Rauðgreni</b>															
0,70-1,00	1				1	1	1			1	1				6
1,00-1,25		1	2			1	3	3		4	8	16	1		39
1,25-1,50	2	1		2	1	2	3	3		3	8	18	2		45
1,50-1,75						2	2	6	1	5	7	15	1		39
1,75-2,00				1	1	1		1	1	1	4	2	1		13
2,00-2,50															0
2,50-3,00															0
3,00-4,00															0
4,00-5,00															0
5,00-6,00															0
6,00-7,00															0
7,00-8,00															0
8,00-9,00															0
10,00-11,00															0
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>7</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>2</b>	<b>14</b>	<b>28</b>	<b>51</b>	<b>5</b>	<b>0</b>	<b>142</b>
<b>Stafafura:</b>															
0,70-1,00					1			1			3				5
1,00-1,25	2		1	1	3	6	5	8	4	3	14	5	1		53
1,25-1,50	1	3	1	4	1	3	1	10	1	7	11	12	1		56
1,50-1,75	1			3			3	7	8	8	10	13	3		56
1,75-2,00	1					2	2	5	4		4	5	1		24
2,00-2,50		2	1						1		1		1		6
2,50-3,00															0
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>5</b>	<b>11</b>	<b>11</b>	<b>31</b>	<b>18</b>	<b>18</b>	<b>40</b>	<b>38</b>	<b>7</b>	<b>0</b>	<b>200</b>
<b>Blágreni:</b>															
0,70-1,00	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1,00-1,25	1	1	2	2	2	4		7	3	3	3	2			30
1,25-1,50	1		1	2		3	3	5	3	9	5	3			35
1,50-1,75	1	1	1	2		3	1	4	2	1	14	3			33
1,75-2,00		4	2	2	1	2		1	2	2	5	3	1		25
2,00-2,50															0
2,50-3,00															0
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>8</b>	<b>3</b>	<b>12</b>	<b>4</b>	<b>17</b>	<b>10</b>	<b>15</b>	<b>27</b>	<b>11</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>123</b>
<b>Pinur:</b>															
0,70-1,00	1														1
1,00-1,25		1	2	2	4	2	4	11	1		3	0			30
1,25-1,50	1		1	1	2	5	4	11	13		24	6			68
1,50-1,75	1			1	4	2	5	6	4		13	1			37
1,75-2,00			1	1	2	1	2	1	2		3	2			15
2,00-2,50									1		2				3
2,50-3,00															0
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>15</b>	<b>29</b>	<b>21</b>	<b>0</b>	<b>45</b>	<b>9</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>154</b>
<b>Potttré á rót.</b>															
0,70-1,00	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1,00-1,25	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
1,25-1,50	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	2
<b>Samtals</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4</b>
<b>Heildarfj.seld tré.</b>	<b>16</b>	<b>14</b>	<b>15</b>	<b>24</b>	<b>23</b>	<b>40</b>	<b>39</b>	<b>90</b>	<b>51</b>	<b>47</b>	<b>140</b>	<b>111</b>	<b>13</b>	<b>0</b>	<b>623</b>



## 6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.

### 6.1. Þurrlendisjarðvinnsla:

**Haukadalur:** Nokkuð land var unnið með TTS herfinu í Haukadal. Stæsti hlutinn var landið inn við Haukadalsheiði: lágvaxið kjarrlendi.

**Mosfell:** Engar jarðvinnslur þetta árið.

**Þjórsárdalur:** Engar jarðvinnslur..

Talsvert var unnið fyrir Suðurlandsskóga með TTS herfinu: Lækur, Gerðakot, Efri-Grímslækur, Gljúfur í Ölfusi. Ósavatn í Villingaholtshreppi. Galtalækur í Bisk.

### 6.2. Votlendisjarðvinnsla.

Engin votlendisjarðvinnsla á árinu.

### 6.2. Landgræðsla.

Eins og áður var nokkuð unnið með uppgræðslur í Þjórsárdal. Hey af Skriðufellstúnum var rúllað upp og keyrt fram á Moldarásinn framan við Skriðufellsbæinn. Má nú heita að allur ásinn hafi verið græddur upp með heyi og lúpínu.

## 7. Gróðursetning.

### Einkennislitir trjátegunda á kortum

Red	Rauðgreni
Green	Sitkagreni, Sitkabastarður
Sea green	Blágreni, Broddgreni.
Pink	Hvítgreni
Gray 40%	Kínagreni
Levender	Svartgreni
Blue	Stafafura
Sky blue	Bergfura, Broddfura, Lindifura
Dark yellow	Pinur
Red	Þöll
None color	Douglasgreni, Cypres
Brown	Lerki
Yellow	Birki, Víðir, Elri og önnur lauftré.
Light orange.	Ösp.

Á næstu síðum koma fram í töfluformi gróðursetningar Skógræktar Ríkisins á Suðurlandi 1998. Töflunum fylgja kort af hverju skóglendi fyrir sig, þar sem litaðar eru inn gróðursetningarnar. Þær eru hver með sínum einkennislit, sem táknar trjátegund. Strikaðar gróðursetningar á kortunum merkja að um endurplöntun hafi verið að ræða, þar sem ástæða hefur þótt að þetta gróðursetningar, eða þar sem hefur þurft að endurplanta í ónýta gróðursetningu.

Nánast allar gróðursettar plöntur fengu skammt af áburði við niðursetninguna. Þar var um að ræða Grósku 2, eða Blákorn.

Á flestum stöðum þar sem gróðursett var í jarðunnið land, fylgdi skammtur af rýgresisfræi með áburðinum.

## 8. Hirðing skóglenda.

Á næstu síðum kemur fram í töfluformi hirðing í skóglendum Skógræktar ríkisins á Suðurlandi 1998.

Hirðing eru allar aðgerðir til vaxtar og viðgangs skógarins, allt frá áburðargjöf að plöntun lokinni fram að lokahöggi.

Töflurnar eru upphaflega settar upp sem áætlunarblað fyrir hvert skóglendi fyrir sig. Í töflunum koma fyrir flestir liðir sem hugsanlega er hægt að vinna við í skóglendunum. Um grisjanir er þó getið í sér kafla hér í skýrslunni. Verkstjóri fyllir inn í dagsetningarreit taflanna þegar verk hefur verið unnið sem krossað er við í áætlunartöflunum. Töflurnar eru síðan hreinritaðar í lok hvers árs og birtast hér í skýrslunni auk þess sem innihald þeirra er fært inn í svokallaða framkvæmdaskrá hvers skóglendis, þar sem hirðingarupplýsingarnar safnast saman við gróðursetningarupplýsingar fyrir hvern reit.

Skóglendakort með lituðum reitum sem sýna hvar hefur verið unnið við hirðingu, fylgir skýrslu þessarri.

## 9. Byggingar, vélar og verkfæri.

### 9.1. Byggingar:

**Þjósárdalur:** Ekkert unnið við hús í “Kyrrþey”. Hús á Skriðufellsbæ: grafinn drenskurður kringum íbúðarhúsið og sett niður drenlögn. Jarðvegsdúkur settur yfir drenrör. Fyllt í með grófri grús.

**Haukadalur:** Starfsmannahús: við það var settur niður heitur pottur á haustmánuðum. Inntakskassi við austurgafli hússins var endurnýjaður og stækkaður.

Settur var upp 40 feta gámur á verkfærahlaðið í Haukadal. Hann hafði áður verið einangraður og klæddur að innan að mestu og innréttaður. Í gáminn var lögð raflögn og heitt og kalt vatn. Þarna er nú kominn hin ágætasta geymsla og viðgerðaraðstaða auk þurkklefa fyrir blaut fót. Þetta leysir úr brýnni þörf, þar sem öll útihús í Haukadal voru löngu ónýt. “Hvítí kofinn” var aflagður.

**Mosfellshús:** Engar framkvæmdir. Húsið leigt frá miðju sumri til sr.Guðmundar Óla Ólafssonar, sem hefur aðstöðu þar fyrir smíði sem vinna við byggingu húss hans í Reykjanesi, sem er næsta jörð við Mosfell.

### 1.2. Vélar og verkfæri.

#### 1.2.1. Dráttarvélar:

**Deutch:** Smíður kassi framan á vélina. Festur á þritengibeisli.

**Jarðýta:** Skipt um rúllur og keðjur í beltangangi. Vélin öll máluð og skipt um gler: Unnið af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða upp í skuld þeirra við okkur. Kostn ca 400.000 í vinnu. Varahlutakaup kostuðu um 450.000. Samtals kostnaður ca 850.000.

#### 9.2.2 Önnur tæki:

##### Vörubílsvagn:

Lagfærður talsvert eftir veltu sumarið 1997. Vagninn valt tómur á Kjalarnesi í miklu roki sem þar var. Boddý skekkist nokkuð og skipta varð um plötur í byriðing.

#### 9.2.3 Vörubílar: Engin stóraföll.

**9.2.4. Sagir:** Engin ný sög keypt á árinu. Vorum með í láni og prufu keðjusög og kjarsög frá Bílfoss á Selfossi, sem er nýfarið að flytja inn “Dolmar” verkfæri. Kjarsögin reyndist vel, en var heldur kraftlítill. Keðjusögin Dolmar 115 I reyndist ágætlega og mjög vel miðað við verð, en hún kostar um 15.000 kr minna en Jonsereeds 2055, og er allt að því eins kraftmikil.

## **10. Fjárhagsyfirlit suðurlandsdeildar 1997.**

## 11. Ýmislegt.

### 11.1. Ferðafólk.

#### 11.1.1. Tjaldstæðið í Þjórsárdal:

Tjaldverðir voru ýmsir starfsmenn Skógræktar Ríkisins, sem skiptu á sig tjaldvörslu og umsjón með hjólhýsasvæði. Sama greiðslufyrirkomulag og áður fyrir vinnu var við lýði: greiddir voru 20 klst í yfirvinnu fyrir venjulega helgi auk 20% bónuss af innkomu eftir að frá innkomu hefur verið dregið kaupið. Um verslunarmannahelgi greiðast 30 klst í yfirvinnu og 30% bónus.

Afar mikil trafik var á tjaldstæðinu þetta sumarið, og veldur líklega slæmt veður austan og norðan.

#### Gestakomur á tjaldstæðið í Þjórsárdal 1998.

Mánuður	Gistinætur.
Júní	499
Júlí	2.029
Ágúst	764
	<hr/>
	3.292

Gistigjöld eru nú kr 450 pr mann pr nótt. Þriðja nótt er frí. Þrjú “brekkborð” voru sett upp á tjaldstæðinu og voru þau afar mikið notuð.

Það má segja að tjaldstæðið sé of lítið um stæstu helgarnar. Flöskuhálsinn eru klósettin, og þá sérstaklega kvennaklósettin. Mikil örtröð er þar ca kl. 9-10 á morgnana og ca kl 23-24 á kvöldin, og myndast ævinlega biðraðir. Talað hefur verið um það að setja upp annað wc hús á tjaldstæðinu og þurfum við að vinna að því sem fyrst.

#### 11.1.2. Hjólhýsasvæðið í Þjórsárdal:

Mikil fundahöld voru síðsumars og fram á haust vegna deiliskipulagstillagna um útivistarsvæðin í Þjórsárdal. Stóð lengi í mönnum skipulag hjólhýsasvæðisins. Sættust menn að lokum á niðurstöðu, sem kemur fram sem “Tillaga að deiliskipulagi fyrir Skriðufell í Þjórsárdal -Heimasvæði og tjald og hjólhýsasvæði”. Tillagan fylgir skýrslu þessarri og vísast í hana hvað efni varðar. Lengst stóð í mönnum breyttar aðkomuleiðir að svæðinu, því þær kosta brú á Sandá. Eins tók það langan tíma að fá að halda inni hjólhýsum á svokölluðu “Einbúatúni”, en mörgum finnst hjólhýsi þar hin mesta sjónmengun. Sæst var á það að þau hýsi yrðu kaffærð í skógi og hyrfu þar með að mestu sjónum manna. Öll hjólhýsi í “Vesturtanga” verða færð þaðan á brott, samkvæmt tillögnum.

Þegar þetta er skrifað (15/1 1999) er skipulagstillagan í auglýsingu og verður til 29/1 99.

#### 11.1.3. Haukadalsskógur:

Enginn skógardagur var haldinn í Haukadal eins og verið hefur undanfarin ár. Ákveðið var að hvíla sig á þessu um stund. Mikill fjöldi fólks kemur í skóginn að vanda, til gönguferða og til áningar í stutta stund. Salernisaðstaðan við Laugá er mikið notuð bæði af göngufólki og eins af fólki sem kemur til að drekka kaffið sitt.

#### 11.1.4. Skarfanesskógur:

Þar er talsvert tjaldað að vanda. Eftir kvartanir um illa umgengni, sérstaklega um bálstæði, voru sett upp skilti sem á stendur:

## Skarfaness / Lambhagi.

Ferðafólk athugið:  
Hér er heimilt að dvelja. Hér er ekki  
innheimt gjald fyrir tjaldstæði. Hér er ekki  
veitt nein Þjónusta.

Gangið snyrtilega um og takið með ykkur  
allt rusl þegar þið yfirgefið svæðið.  
Kveikið ekki eld nema á þar til gerðum  
stöðum.

## Skógrækt Ríkisins.

### 11.1.5. Gestir í heimsókn hjá Skógrækt ríkisins 1998. Starfsmenn í heimsóknum hjá öðrum.

6/2 Böövar og Björgvin á áburðar (Grósku 2) fundi á Mógilsá.

20/2. Böövar Björgvin og Friðrik á námskeiði á Hótel Ljósbrá Hveragerði um gerð göngustíga. Lélegt.

4/3 BG og BE á fund um “skógardag” í Þórsmörk í samstarfi við Ferðafélag Ísl.

8/3. “Skíðadagur fjölskyldunnar” í Haukadal.

12/3. BG, á námskeiði hótél Ljósbrá: Uppeldi skógarplantna. Mjög gott.

14/3. BG á fulltrúafundi Skf.Ísl. í Rúgbrauðsgerðinni.

22/3. Starfsmenn SR og Suðurlandsskóga í leikhús. Sex í Sveit.

26/3. Starfsmannafundur SR í Suðurhlíðinni.

27/3. Starfsmannafundur Hótel Loftleiðum

18/4. Mjólkursamsalan í starfsmannaferð í Haukadal með 75 manns.

25/4. Nýherji kom við í Haukadal í sinni starfsmannaferð sem í voru 80 manns.

16/5. BG og BE í Skálholt þar sem fram fór vígsla Suðurlandsskóga.

22/5. BG í heimsókn hjá Jóni Grettissyni, skógarbónda í Skarfanesi. Skoðun á plöntunarsvæðum hans. Árangur misjafn, en bestur í melhólunum.

6/6. U.m.f.Bisk. Með unglingsdag sinn í Haukadal. 30 manns.

6/6. Námsgagnastofnun í skoðunarferð um Haukadal 35 manns.

14/6. Norræn trjásjúkdómaráðstefna haldin að Hótel Geysi. Hópurinn kom í skoðunarferð í Haukadal. Þetta er einn fyrsti hópurinn sem við höfum tekið á móti sem ekki er komin til að skoða árangur í skógrækt, heldur það sem aflaga fer þ.e.a.s. dauðar og skemmdar plöntur.

15/6. Trjásjúkdómahópurinn í skoðunarferð í “Mekka” tilraunana í Mosfelli.

20/6. Kvennahlaupið haldið í Haukadal eins og undangengin ár nú tóku 80 manns þátt.

18/7. Félag Heyrnaskertra í Haukadal, fóru í ratleik o.fl.

14-16/8. Fjólaskylduferð Skógræktarinnar haldin í Haukadal. 30-40 manns.

15/8. Fjölmenni í Haukadal vegna gróðursetningar í minningarreit um Gunnar Freysteinnsson.

29/8. Björgunarhundasveit Íslands með æfingu í Haukadalsskógi. Fólst hún meðal annars í því að þefa uppi fólk sem týnist í skógi. Þar töpuðum við brandaranum um að nóg væri að standa upp!

31/8. Böðvar, Björgvin, Sigurður Blöndal, Þór Þorfinnsson í Haukadal að skoða hugmyndir um Hákonar lund.

7-9/9. Björgvin S.A.S fulltrúi skógræktarinnar í gróðursetn.ferð í Refasveit, og uppskar 3 laxa.

8/9. Knútur á girðinganámskeiði í Gunnarsholti.

25/9. Námskeið í jarðvinnslu fyrir skógarbændur í Haukadal. Haldið í tengslum við aðalfund Landssambands skógarbænda á Geysi 26-27/9. Þátttakendur 61 að tölu.

26/9. Skoðunarferð skógarbænda um Haukadalsskóg. Gert í framhaldi af námskeiðinu daginn áður.

10/10. BG á samstarfsfundi skógræktarfélaganna á suðurlandi í Vík í Mýrdal.

18/11. Fulltrúar Íslandspóstst komu í Þjórsárdal að skoða hugsanlegt sumarhúsasvæði.

6/12. BG og BE í Haukadal að taka á móti starfsfólki Skeljungs, Bensinorkunnar og Ingvars Helgasonar h/f, vegna jólatrjáahöggs.

Auk þessa sátu BG og FÞ marga fundi, með skipulagsnefnd Gnúpverjahrepps og Þránni Haukssyni, um skipulagsmál í Þjórsárdal.

## 11.2. Ýmis verkefni í skóglendunum.

### Þjórsárdalur:

Unnið var að vatnsöflunarframkvæmdum í Húsagróf í Skriðufellsfjalli. Þar var hátt upp í gílinu ýtt upp garði fyrir uppistöðulóni, þar sem ætlunin er að verði vatnsból fyrir tjald og hjólhýsasvæðin. Í garðinum var komið fyrir botnrás með lokubúnaði. Sumarið 1999 verður fyrirhlaðslugarðurinn klæddur með vatnsheldum dúk og væntanlega lagðar leisur frá lóninu niður að Skriðufellsbæ í söfnunartank og þaðan niður á svæðin. Í lóninu verður komið fyrir síubúnaði, en mikið hefur borið á



óhreinindum í neysluvatninu og oft hafa komið upp stíflur, sem er afskaplega bagalegt þegar mikill fjöldi ferðamanna er á svæðinu. Það er því algjör nauðsyn að bæta vatnsmálin ef hægt á að vera að reka ferðamannasvæði af einhverju viti.

Áætlanir eru til um bætt aðgengi ferðafólks að skóginum í Selhöfðum með skiltun og stígagerð auk lítillar göngubrúar á Sandá við "sundhyl". Þetta hvílir þó á framlögum úr Skeljungssjóði til verksins.

Vinna við skóggæðslu í Þjórsárdal var með hefðbundnum hætti. Þó þykir mér ekki fýsilegt að höggva mikið meira af kjarri til að gróðursetja í, nema þar sem laga þarf beina reitakanta og til að fylla upp í milli gróðursetninga. Verkefni næstu ára hlýtur að verða að auka skóglendið á þeim stöðum þar sem enginn skógur er fyrir, s.s. á vikrunum. Þar er þó við ramman reip að draga, því erfiðari gróðursetningarstaðir finnast varla. Undanfari þessa hlýtur að verða gróðursetning lúpínu í stórum stíl. Sáning kemur vart til greina, eftir reynslu fyrri ára. Svæðin kringum Skriðufellsbæ tókum við fyrir fljótt, því annars fyllast þau af birki og betra er að vera á undan því með aðrar tegundir.

#### **Haukadalur:**

Skóggæðsluverkefni voru með hefðbundnum hætti. Varðandi aðstöðu og byggingar er rétt að nefna það að komið var upp innréttuðum gámi á hlaðinu í Haukadal. Hann á að leysa af hólmi "hvíta skúrin" sem geymsla og verkstaði fyrir smáverkfæri. Gámurinn er tvískiptur; í öðrum enda hans er geymsla en í hinum er viðgerðaraðstaða og þurkklefi fyrir föt. Heitur pottur var settur niður framan við starfsmannahúsið. Lagnir að potti og gámi voru settar niður.

**Ýmsar lagfæringar á vegum Skeljungssjóðs** voru gerðar í Haukadal: m.a. var sagað fyrir stíg í "Gunnarsreit" og sett lítil brú á Laugá, neðan reitsins. Gunnarsreitur er mynningarreitur um Gunnar Freysteinnsson skógfræðing sem lést í bílslysi 5 júlí 1998. Þar er meiningin að koma upp sýnireit ýmissa trjátegunna. Þar er einnig fyrirhugað að koma fyrir myndisúlu til mynningar um Gunnar.

#### **Kostnaður við Skeljungsverk í Haukadal er:**

Efniskostnaður:	24.705	
Launakostnaður	145.797	<b>samtals: 170502</b>

**Mosfell:** Lítið um Mosfell að segja að svo stöddu. Margar tilraunir eru þar í gangi og e.t.v. ástæða til að fara að fá niðurstöður þeirra.

**Þórsmörk:** Unnið var fyrir kr. **1.603.498** samtals í Þórsmörk þetta árið. Yfirlit yfir kostnaðarþætti fylgja skýrslu þessarri. Framlög til verkefna í Þórsmörk komu frá Umhverfissjóði verslunarinnar kr 1.000.000 og Skeljungssjóði kr 529.498. Skógrækt Ríkisins lagði til kr 74.000. Unnið hefur verið við göngustígaverkefni í þrjú ár: 96,97 og 98. Skeljungssjóður leggur ekki meiri peninga í þetta, 3ja ára áætlun úr þeim sjóði er lokið. Sótt hefur verið um framlag úr Umhverfissjóðnum fyrir árið 1999. Mörg verkefni bíða ennþá og eru þau nauðsynlegustu listuð upp í kaflanum um "Yfirlit yfir framkvæmdir og göngustígagerð í Þórsmörk 1995–1998.

Verkefnið 1998 fékk vinnuheitid "krossá", vegna þess að stæsti verkþátturinn sem unninn var, var við gönguslyskju við Skáldagil í Langadal á gönguleiðinni Langidalur – Krossá.

Við grisjun á grenireitum í Þjórsárdal í október var unnið talsvert af efni sem hentar í þrep í göngustígum. Efni þetta var lagt í díselölfubað og verður tilbúið vorið 1999.

#### **Skarfanes:**

Verktakar á vegum Landsvirkjunar unnu við uppsetningu Búrfellslínu 3, sem liggur að hluta yfir Skarfanesland, meðfram Búrfellslínu 1. 1997 höfðu verið lagfærðir gamlir vegaslóðar meðfram línunum og undirstöður settar niður. Lína þessi liggur einnig yfir Vikrana í Þjórsárdal.

Bætur komu frá Landsvirkjun fyrir mastursstæði, vegi og byggingarbann samkvæmt mati. Upprunanlegt mat fengum við hækkað nokkuð, og stóð í talsverðum bréfaskriftum um það mál.

Við vegagerðina í Skarfanesi var lagður slóði norður að Þjórsárbrakknum, en þar var sótt möl í vegina.

Skógarvörður heimsótti Jón Grettisson, en hann er annar tveggja aðila sem hafa unnið að skógrækt í Skarfanesi samkvæmt samningi þar að lútandi. Jón hefur plantað mikið af furu og svolítið af lerki í 10 ha. land sem hann hefur þarna. Furan, sem sett er í gróið land: mosabembu inn á milli birkibúska, hefur vaxið afar lítið, en er öll á lífi. Ráðlagði Jóni að bera á. Til samanburðar sýndi Jón mér furu sem plantað hafði verið í melhóla austast í landinu. Hún óx mjög vel. Eitthvað leynt samband virðist vera á milli mels og furu, eða e.t.v. er ástæðan fyrir svo misjöfnum vexti furunnar sú, að mosabemban heldur mjög aftur af vexti. Sama má segja um lerki, það vex einnig mjög vel innan um melinn. Líklegt þykir mér, að til að fá aukinn vöxt þurfi að herfa landið þarna t.d. með TTS herfinu.

Selfossi 25/1 1999. \_\_\_\_\_

Böðvar Guðmundsson